



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 11. júní 2019
1904015SA KB/vrh
Málalykill: 00.03

Efni: **Boðun XXXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Á 871. fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var miðvikudaginn 29. maí sl., var samþykkt að boða til auka landsþings til að ræða tillögu að stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Hér með er því boðað til XXXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga og verður það haldið föstudaginn 6. september 2019 á Grand hótél Reykjavík. Landsþingið hefst kl. 10:30 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:00 sama dag.

Reiknað er með að tillaga að stefnumótandi áætlun verði sett inn í samráðsgátt stjórnvalda í júlí eða ágúst nk. og að athugasemdafrestur verði fram í miðjan september. Á því stigi er nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn komi saman til að fjalla um tillöguna enda er það í samræmi við grein 3.1.3. í stefnumörkun sambandsins, en þar segir:

„Sambandið styður við stækkun og eflingu sveitarfélaga. Stefnumótandi ákvarðanir verða ekki teknar nema með aðkomu landsþings.“

Sveitarstjórnir kusu fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir sú kosningin út kjörtímabilið 2018-2022, sbr. 5. gr. samþykta sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 15. ágúst 2019.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi í sumar með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri